

Alþingi
Erindi nr. P 118 / 1162
komudagur 16 / 2 1995

Slysavarnafélag Íslands og bæjarstjórnin á Höfn, fyrir hönd sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, sýslumanns Austur-Skaftafellssýslu og Heilsugæslustöðvarinnar á Höfn í Hornafirði, gera með sér svofellt

Samkomulag

Slysavarnafélag Íslands tekur að sér að vakta neyðarsíma fyrir Austur-Skaftafellssýslu (81919) vegna brunaútkalla, lögreglu, lækniþjónustu og sjúkrabíls. Um er að ræða sólahringsvakt alla daga ársins.

Vaktþjónustan verður með þeim hætti, að starfsmenn Slysavarnafélagsins taka við hjálparbeiðnum og hvers konar óskum um aðstoð og koma þeim áleiðis til vakthafandi starfsmanna í Austur-Skaftafellssýslu.

Bæjarfélagið á Höfn í Hornafirði lætur Slysavarnafélagi Íslands í té allar nauðsynlegar upplýsingar um nöfn og símanúmer vakthafandi starfsmanna á hverjum tíma og ber ábyrgð á því að upplýsingarnar séu réttar og berist með réttum hætti. (Sjá viðfest minnisatriði).

Slysavarnafélag Íslands annast allan tæknilegan undirbúning vegna neyðarsímans, en Bæjarfélagið á Höfn greiðir kostnað. Ákvörðun um gjald fyrir þjónustu Slysavarnafélags Íslands vegna neyðarsímans verður tekin eftir að þriggja mánaða reynsla er fengin af notkun hans.


Slysavarnafélag Íslands sér um að hjálfa starfsmenn til starfa við neyðarþjónustuna.

Komi fram skaðabótakrafa á hendur Slysavarnafélagi Íslands vegna þjónustu, sem tengist neyðarsímanum, skal Bæjarfélagið á Höfn halda félaginu skaðlausu af öllum slíkum kröfum, enda gjaldtaka miðuð við að Slysavarnafélagið beri enga bótaábyrgð. Slysavarnafélagið ber þó ábyrgð á tjóni sem beint má rekja til viðhaldsskorts á tæknibúnaði í þess umsjá eða sem verður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi starfsmanna þess.

Stefnt er að því, að neyðarsíminn verði tekinn í notkun 1. október 1992. Þetta samkomulag er undirritað með fyrirvara um samþykki stjórnar Slysavarnafélags Íslands og hlutaðeigandi aðila í Austur-Skaftafellssýslu. Samkomulagið er uppsegjanlegt, af beggja hálfu, með 3ja mánaða fyrirvara.

Höfn 12. ágúst 1992.

F. h. Slysavarnafélags Íslands.


Árni Gunnarsson.

F. h. samningsaðila í Austur-Skaft.


Sturlaugur Þorsteinsson.



Slysavarnafélag Íslands og Almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. viðsemjenda gera með sér svofellt

s a m k o m u l a g

Slysavarnafélag Íslands tekur að sér að vakta neyðarsíma fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (0112) vegna brunaútkalla, lögreglu, lækniþjónustu og sjúkrabíls. Um er að ræða sólarhringsvakt alla daga ársins.

Vaktþjónustan verður með þeim hætti, að starfsmenn Slysavarnafélags Íslands taka við hjálparbeiðnum og hvers konar óskum um aðstoð og koma þeim áleiðis til vakthafandi starfsmanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu lætur Slysavarnafélagi Íslands í té allar nauðsynlegar upplýsingar um nöfn og símanúmer vakthafandi starfsmanna á hverjum tíma og ber ábyrgð á því að upplýsingarnar séu réttar og berist með réttum ætti.

Slysavarnafélag Íslands annast allan tæknilegan undirbúning vegna neyðarsímans, en Almannavarnanefnd greiðir kostnað. Ákvörðun um gjald fyrir þjónustu Slysavarnafélags Íslands vegna neyðarsímans verður tekin eftir að sex mánaða reynsla er fengin af notkun hans.

Slysavarnafélag Íslands sér um að þjálfa starfsmenn til starfa við neyðarþjónustuna.


Komi fram skaðabótakrafa á hendur Slysavarnafélagi Íslands vegna þjónustu, sem tengist neyðarsímanum, skal Almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu halda félaginu skaðlausu af öllum slíkum kröfum og kostnaði vegna kröfugerðar. Gjaldtaka er miðuð við að Slysavarnafélagið beri enga bótaábyrgð af störfum sínum að þessum málum. Slysavarnafélagið ber þó ábyrgð á tjóni sem beinlínis verður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi starfsmanna félagsins.

Stefnt er að því að neyðarsíminn verði tekinn í notkun 10. febrúar 1993.


Samkomulag þetta er uppsegjanlegt af beggja hálfu, með 3ja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 4. febrúar 1993.

F.h. Slysavarnafélags Íslands,



F.h. Almannavarnanefndar
Mýra- og Borgarfjarðarsýslu,



vegna Almannavarnar. Dalasýslu
Slysavarnafélag Íslands og Héraðsnefnd Dalasýslu/f.h. viðsemjenda gera
með sér svofellt

s a m k o m u l a g

Slysavarnafélag Íslands tekur að sér að vakta neyðarsíma fyrir Dalasýslu (0112) vegna brunaútkalla, lögreglu, lækniþjónustu og sjúkrabils. Um er að ræða sólarhringsvakt alla daga ársins.

Vaktþjónustan verður með þeim hætti, að starfsmenn Slysavarnafélags Íslands taka við hjálparbeiðnum og hvers konar óskum um aðstoð og koma þeim áleiðis til vakthafandi starfsmanna Dalasýslu.

Héraðsnefnd Dalasýslu lætur Slysavarnafélagi Íslands í té allar nauðsynlegar upplýsingar um nöfn og símanúmer vakthafandi starfsmanna á hverjum tíma og ber ábyrgð á því að upplýsingarnar séu réttar og berist með réttum hætti.

Slysavarnafélag Íslands annast allan tæknilegan undirbúning vegna neyðarsímans, en Héraðsnefnd Dalasýslu greiðir kostnað. Ákvörðun um gjald fyrir þjónustu Slysavarnafélags Íslands vegna neyðarsímans verður tekin eftir að þriggja mánaða reynsla er fengin af notkun hans.

Slysavarnafélag Íslands sér um að hjálfa starfsmenn til starfa við neyðarþjónustuna.


Komi fram skaðabótakrafa á hendur Slysavarnafélagi Íslands vegna þjónustu, sem tengist neyðarsímanum, skal Héraðsnefnd Dalasýslu halda félaginu skaðlausu af öllum slíkum kröfum og kostnaði vegna kröfugerðar. Gjaldtaka er miðuð við að Slysavarnafélagið beri enga bótaábyrgð af störfum sínum að þessum málum. Slysavarnafélagið ber þó ábyrgð á tjóni sem beinlínis verður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi starfsmanna félagsins.

Stefnt er að því að neyðarsíminn verði tekinn í notkun 1. maí 1994.

Samkomulag þetta er uppsegjanlegt af beggja hálfu, með 3ja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 7. apríl 1994.

F.h. Slysavarnafélags Íslands



F.h. samningsaðila í Dalasýslu.



FRUMRIT

306

VEGAGERÐ RÍKISINS Borgarsíðu B. 550 Sauðárkrókur
Sími (95) 35500
Bréfasími (95) 35290



LOTTEKID

12/8 94

Slysavarnarfélag Íslands
Esther Guðmundsdóttir
Grandavegi 11
107 Reykjavík

Tilvisun okkar

Tilvisun ykkar

Dagsetning

JSn/

12.08.94

Varðar neyðarsíma í Strákagöng við Siglufjörð.

Vegagerðin óskar hér með eftir því við Slysavarnarfélag Íslands að félagið vakti neyðarsíma, sem Vegagerðin mun setja upp í Strákagöngum nú á næstunni.

Síminn er settur upp fyrir vegfarendur sem lenda í vandræðum. M.a. kemur það stundum fyrir að hurðir ganganna bila, þannig að menn lokist inni í þeim. Helstu orsakir bilana geta verið vegna rafmagnsbúnaðar eða drifbúnaðar, auk skemnda vegna árekstra.

Síminn verður þannig að aðeins þarf að lyfta tólinu og þá hringir í viðkomandi vaktunúmer. Engin skífa verður á símanum.

Þegar hringt verður og tilkynnt um bilaða hurð skal vaktmaður hafa samband við:

1. Umsjónarmann Vegagerðarinnar í Siglufirði, Hrein Júlíusson vinnusími 96 71344, farsími 985 31460, heimasími 96 71373.
2. Ef ekki næst í Hrein skal hringja í lögregluna í Siglufirði í síma 96 71170.


Ef hringt er vegna slyss skal strax hafa samband við lögregluna.

Sjái Slysavarnarfélagið sér fært að annast þessa símavakt óskar Vegagerðin eftir upplýsingum um í hvaða símanúmer neyðarsíminu skuli hringja.

Starfsmenn Pósts og síma sjá að sjálfsögðu um allar tengingar símans.

Allar nánari upplýsingar veita Gísli Felixson rekstrarstjóri og Jónas Snæbjörnsson umdæmisverkfræðingur Sauðárkróki. Símanúmer Vegagerðarinnar á Sauðárkróki er 95 35500.

Virðingarfyllt f.h.v.


Jónas Snæbjörnsson
umdæmisverkfræðingur

Tilsetjt í Símanum

62711



MÓTTEKIÐ

18/1 95 *bj.*

Slysavarnafélag Íslands
Grandagarður 14
101 Reykjavík

Garði, 16. janúar 1995

Varðar: Samræmt neyðarnúmer 1-1-2.

Á fundi hreppsnefndar Gerðahrepps 11. janúar 1995 var tekið fyrir erindi frá Slysavarnafélagi Íslands varðandi samræmt neyðarnúmer 1-1-2.

Hreppsnefnd samþykkir fullan stuðning við hugmyndir Slysavarnafélags Íslands um vöktun á neyðarsíma fyrir öll sveitarfélög landsins.

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með.



SANDGERÐI

BÆJARSTJÓRI

TJARNARGÖTU 4 - 245 SANDGERÐI - KT. 460269-4829
SÍMI 92-37554, 92-37555 - FAX: 92-37809

FRUMRIT

MÓTTAKID

13/12 94 E.L.

Slysavarnarfélag Íslands,
Grandagarður 14,

101 Reykjavík.

Sandgerði 09.12. 1994.

Málefni: Samræmt neyðarnúmer.

Á fundi bæjarstjórnar Sandgerðis þriðjudaginn 06. des. s.l. var tekið fyrir bréf yðar um samræmt neyðarnúmer og var eftirlárandli bókun gerð.

Bæjarstjórn samþykkir fullan stuðning við hugmyndir Slysavarnarfélags Íslands um vöktun á neyðarsíma fyrir öll sveitarfélög landsins.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst


Sigurður Valur Ásbjarnarson
BÆJARSTJÓRI
SANDGERÐI



SAMTÖK SUNNLEUSKRA SVEITARFÉLAGA

EYRAVEGI 8 - 800 SELFOSS - SÍMI 98-21350 & 21088 - FAX 98-22921 - KT. 480775-0159

Aðalfundur SASS haldinn á Hótel Örk í Hveragerði, 23. og 24. apríl 1993.

Aðalfundur Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga haldinn að Hótel Örk, Hveragerði dagana 23. og 24. apríl 1993 felur stjórn þess að hefja viðræður við Slysavarnarfélag Íslands, sem miðist að því að félagið taki að sér vöktun heyrarboðkefis fyrir Suðurland í samræmdu neyðarboðkerfi fyrir landsbyggðina í heild.

Aðalfundurinn ályktar að ljúka beri þessum viðræðum með drögum að samningi um stofnun og rekstur slíkrar neyðarvaktstöðvar sem er samrýmanlegum hagsmunum neyðar- og öryggisþjónustu á vegum ríkisins svo og hagsmunum sveitarfélaga innan annarra landshlutasamtaka, þar með töldum sveitarfélögum innan samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Aðalfundurinn væntir þess að stjórn samtakanna beiti sér fyrir að drög að heildarsamkomulagi um stofnun og rekstur samræmdrar neyðarvakstöðvar í landinu verði lagður fyrir aðalfund að ári.

FRUMRIT

Héraðsnefnd Snæfellinga

Grundargötu 30, 350 Grundarfjörður

Sími: 93-86630 Fax: 93-86779

MÓTTEKIÐ

6/12 24 Bj

Grundarfirði 30.11.94


Slysavarnafélag Íslands
Grandagarði 14
101 Reykjavík

Á ársfundi Héraðsnefndar Snæfellinga sem haldinn var í Röst, Snæfellsbæ 4. nóvember 1994, var samþykkt eftirfarandi tillaga varðandi samræmt neyðarnúmer:

Ársfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Snæfellsbæ 4. nóvember 1994 samþykkir að fela Héraðsráði að hefja viðræður við S.V.F.Í. um hugsanlegt samstarf um þjónustu varðandi samræmt neyðarnúmer. Héraðsráð hafi um þetta fullt samráð við SSV (Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi).

Undirritaður mun nánar hafa samband við Slysavarnafélagið varðandi frekari framgang málsins.

Virðingarfyllst,


Magnús Stefánsson, formaður



Neyðarsími A. Skaft.
Beiðnir um aðstoð 1994.

| | | |
|---------------|---------------|---|
| 1. jan 1994 | Höfn/0710 | Óskað eftir lögreglu. |
| 6. jan 1994 | Höfn/1655 | Sinueldur ógnar húsi á Höfn, kallað á slökkvilið. |
| 11. jan 1994 | Faguh.m/1015 | Óttast um bíl á ferð í Öræfum, slæmt veður, lögreglan látin vita og björgunarsveit. |
| 14. jan 1994 | Höfn/1745 | Óskað eftir lækni vegna slyss. |
| 19. jan 1994 | Höfn/0930 | Máni lækni á Höfn óskar eftir þyrlu til sjúkraflugs, sambandi komið á við LHG. |
| 22. jan 1994 | Höfn/0235 | Óskað eftir lögreglu að Sindrabæ. |
| 23. jan 1994 | Höfn/0537 | Óskað eftir lögreglu að húsi á Höfn. |
| 27. jan 1994 | Höfn/1319 | Máni óskar eftir upplýsingum um þyrluflug, sambandi komið á við LHG. |
| 28. jan 1994 | Höfn/2114 | Óskað eftir lækni. |
| 29. jan 1994 | Höfn/1445 | Óskað eftir aðstoð vegna fárviðris, björgunarsveit sett í málið. |
| 15. feb 1994 | Nesjahr./0225 | Óskað eftir lækni. |
| 27. feb 1994 | Andey SF/1610 | Óskað eftir lækni. |
| 2. mars 1994 | Öræfi/1630 | Óskað eftir lögreglu vegna bílveltu. |
| 5. mars 1994 | Höfn/1220 | Óskað eftir lækni. |
| 8. mars 1994 | Öræfin/2000 | Óskað eftir lækni. |
| 19. mars 1994 | Höfn/0345 | Óskað eftir lækni. |
| 19. mars 1994 | Höfn/1148 | Óskað eftir sambandi við lækni. |



| | | |
|----------------|---------------|--|
| 22. mars 1994 | Höfn/1922 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 27. mars 1994 | Höfn/2133 | Eldur í húsi á Höfn, slökkvilið boðað út. |
| 28. mars 1994 | Mýrar/1258 | Óskað eftir sambandi við lögreglu strax. |
| 30. mars 1994 | Höfn/1655 | Óskað eftir sjúkrbíl strax að fyrir tæki á staðnum. |
| 10. apríl 1994 | Höfn/1547 | Óskað eftir lækni strax vegna bílslyss á staðnum. |
| 4. apríl 1994 | Suðursv./1900 | Eldur laus í hesthúsi, óskað eftir slökkviliði. Var skömmu seinna afturkallað. |
| 12. maí 1994 | Höfn/1540 | Óskað eftir lögreglu vegna áreksturs |
| 12. maí 1994 | Höfn/1725 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 18. maí 1994 | Af sjó/2155 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 31. maí 1994 | Höfn/1505 | Lögreglan á Höfn óskar eftir sjúkrabíl að húsi á Höfn. |
| 4. júní 1994 | Höfn/2126 | Sigurður læknir Höfn óskar eftir sambandi við vakt sjúkrabíls. |
| 4. júní 1994 | Höfn/2205 | Óskað eftir sambandi við sjúkrabíls-vakt. |
| 6. júní 1994 | Höfn/0307 | Óskað eftir aðstoð lögreglu og læknis. |
| 10. júní 1994 | Höfn/1350 | Tilkynnt um eld í húsi á Höfn, slökkvilið boðað út. GABB. |
| 11. júní 1994 | Höfn/0225 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 17. júní 1994 | Nesjahr/2300 | Óskað eftir lækni. |



| | | |
|---------------|------------------|---|
| 19. júní 1994 | Öræfin/1945 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 20. júní 1994 | Höfn/1154 | Lítill drengur finnur ekki systur sína biður um aðstoð. Lögreglan. |
| 2. júlí 1994 | Djúpiv/1207 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 2. júlí 1994 | Höfn/1450 | Sigurður læknir Höfn óskar eftir sjúkrabíl að frystihúsinu. |
| 2. júlí 1994 | Höfn/1530 | Óskað eftir lækni strax að íþróttahúsi. |
| 2. júlí 1994 | Höfn/1755 | Óskað eftir lækni. |
| 6. júlí 1994 | Höfn/0151 | Farið að óttast um mann sem var að vitja um net í Hornafirði. Lögreglan látin vita. |
| 12. júlí 1994 | Höfn/1835 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 16. júlí 1994 | Höfn/0540 | Óskað eftir lækni. |
| 16. júlí 1994 | Höfn/1449 | Tilkynnt um bílveltu í Hamarsfirði, boðum komið til allra. |
| 17. júlí 1994 | Höfn/0555 | Óskað eftir lækni vegna slyss. |
| 17. júlí 1994 | Nesjahr/1045 | Óskað eftir lækni. |
| 17. júlí 1994 | Höfn/1450 | Óskað eftir lækni. |
| 22. júlí 1994 | Suðursv/2124 | Óskað eftir lækni. |
| 22. júlí 1994 | Höfn/1750 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 24. júlí 1994 | Jökulsá/1655 | Tveggja bíla árekstur, kallað á lögreglu, sjúkrabíl og lækni. |
| 26. júlí 1994 | Egilsstaðir/0200 | Koma boðum til læknis um flugtak sjúkraflugvélar. |



| | | |
|----------------|----------------------|---|
| 27. júlí 1994 | Höfn/2100 | Jón lögreglumaður Höfn óskar eftir sjúkrabíl vegna bílveltu í Lóni. |
| 28. júlí 1994 | Höfn/0117 | Læknir á Höfn tilkynnir um sjúkraflutninga til Reykjavíkur, og að annar taki vaktina á meðan. |
| 12. ágúst 1994 | Jökulsárlón/ 1940 | Tilkynnt um köfunarslys í lóninu. Lögreglan Höfn látin vita. svo og björgunarsveitir Höfn og í Öræfum og LHG vöruð við. |
| 12. ágúst 1994 | Skaftafell/Lóni | Óskað eftir lækni í heilsugæslu vegna slyss. |
| 13. ágúst 1994 | Höfn/0530 | Óskað eftir lögreglu að húsi á Höfn. |
| 14. ágúst 1994 | Höfn/1530 | Óskað eftir lækni vegna barns sem meiðst hafði á fingri. |
| 17. ágúst 1994 | Höfn/1540 | Óskað eftir sjúkrabíl og lækni, var afturkallað. |
| 18. ágúst 1994 | Höfn/1925 | Óskað eftir sambandi við lækni vegna rangra lyfja. |
| 29. ágúst 1994 | Höfn/2205 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 1. sept 1994 | Höfn/1708 | Læknir óskar eftir útkalli á sjúkrabíl |
| 4. sept 1994 | Höfn/2030 | Óskað eftir lögreglu að Ásgarði, vegna brunaboða sem hafði farið í gang. |
| 16. sept 1994 | Höfn/1615 | Óskað eftir sambandi við björgunarfélag Hornafj. vegna konu sem fallið hafði í sprungu á jökli. |
| 16. sept 1994 | Höfn/1932 | Óskað eftir lækni strax að húsi á Höfn. |



| | | |
|---------------|--------------|--|
| 16. sept 1994 | Höfn/2035 | Óskað eftir lækni í skip í Hornafj. höfn vegna handarmeisla. |
| 4. okt 1994 | Höfn/1650 | Óskað eftir sjúkrabíl til flutnings á flugvöllinn. |
| 6. okt 1994 | Nesjar/2113 | Óskað eftir sambandi við lækni, vegna hálsmeisla. |
| 8. okt 1994 | Nesjar/1345 | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 8. okt 1994 | Höfn/1555 | Lögreglan Höfn biður um útkall á sjúkrabíl og lækni vegna umferðarslyss. |
| 11. okt 1994 | Höfn/2334 | Óskað eftir sambandi við lækni vegna barns sem dottið hafði niður stiga. |
| 19. okt 1994 | Höfn/2134 | Hótelið, óskað eftir sambandi við lækni vegna handarmeisla. |
| 20. okt 1994 | Nesjar/0520 | Sigurður læknir óskar eftir sjúkrabíl að húsi við Hæðargarð. |
| 20. okt 1994 | Egilsst/0700 | Flugturninn Egilsstöðum biður um símanúmer í sjúkrabílnum vegna sjúkraflugs. |
| 20. okt 1994 | Höfn/1838 | Skjólgarður, óskað eftir sjúkrabíl til að sækja sjúkling í Suðursveit. |
| 30. okt 1994 | Höfn/0340 | Óskað eftir lögreglu að húsi vegna tilraunar til innbrots. |
| 6. nóv 1994 | Höfn/1625 | Óskað eftir lækni að gistiheimilinu Hvammi. |
| 11. nóv 1994 | Höfn/1020 | Óskað eftir sjúkrabíl að brauðgerð kaupfélagsins. |



| | | |
|--------------|-------------|---|
| 11. nóv 1994 | Höfn/1228 | Halldóra hjúkrunarforst. biður um skilaboð til sjúkrabílstjóra. |
| 20. nóv 1994 | Höfn/0445 | Óskað eftir lögreglu að Sindrabæ, vegna slagsmála. |
| 20.nóv 1994 | Höfn/0622 | Óskað eftir lögreglu að húsi á Höfn, fjarlægja fólk. |
| 20. nóv 1994 | Höfn/1400 | Beðið um samband við lækni. |
| 29. nóv 1994 | Höfn/2335 | Guðmundur læknir biður um skilaboð til sjúkraflutningsmanna. |
| 13. des 1994 | Nesjar/1850 | Kona á leið í heilsugæslu óskar eftir lækni í stöð. |
| 22. des 1994 | Höfn/0750 | Óskað eftir lækni vegna meiðsla sem sauma þarf saman. |
| 24. des 1994 | Nesjar/0917 | Óskað eftir sjúkrabíl að Nesjaskóla strax. |
| 24. des 1994 | Höfn/2028 | Tilkynnt um eld í húsi við Sandbakka, slökkvilið kallað út. |
| 26. des 1994 | Höfn/1751 | Óskað eftir sambandi við lækni, ekki alvarlegt. |
| 30. des 1994 | Höfn/1350 | Tilkynnt um bílveltu á Höfðavegi, lögregla látin vita. |
| 31. des 1994 | Höfn/1340 | Óskað eftir sambandi við lækni, vegna barns. |

Samtals 88 innhringingar í neyðarsímann 81919, og beiðnir um aðstoð skiptast þannig:

| | |
|-----------------------|-----------|
| Óskað eftir lækni | 47 skipti |
| Óskað eftir lögreglu | 17 " |
| Brunaútköll | 5 " |
| Óskað eftir sjúkrabíl | 17 " |



| | | |
|-------------------|---|---|
| Björgunarsveit | 4 | " |
| Óskað eftir þyrlu | 2 | " |
| Annað | 3 | " |

Samtals 95 útköll. Athugið að það kemur fyrir að kalla þarf á fleiri en einn aðila í einu, svo sem lækni, sjúkrabíl og lögreglu.



Neyðarsími Mýra-og Borgarsýslu.

| | | | |
|---------------|------|------------------|--|
| 6. jan '94 | 2310 | Andakílshreppur | Óskað eftir sambandi við lækni strax. |
| 8. jan '94 | 1715 | Hvítársíða | Tilkynnt um ljós á hábungu Langjökuls. Allir látirnir vita sem málið varðar. |
| 17. mars '94 | 0655 | Skilmannahreppur | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 22. mars '94 | 1130 | | Óskað eftir sambandi við björgunarsveitina Heiðar. |
| 3. apríl '94 | 0640 | Munaðarnes | Óskað eftir sambandi við Tannlækni. |
| , | | | |
| , | | | |
| 4. apríl | 0800 | Borgarnes | Óskað eftir sambandi við lögreglu. |
| 21. apríl 94 | 0731 | Reykholtsdalur | Óskað eftir sambandi við lögreglu. |
| 21. apríl '94 | 1550 | Borgarnes | Óskað eftir símanúmeri á heilsugæslu. |
| 23. apríl 94 | 1224 | Leirársveit | Eldur í eldavél, beðið um slökkvilið. |
| 7. maí 94 | 1210 | Búðardalur | Lögregla tilkynnir um mannaskipti |
| 12. maí 94 | 0130 | Hvítársíða | Óskað eftir sjúkrahil, vegna konu sem komast þurfti á fæðingardeild. |
| 15. maí 94 | 2055 | Borganes | Óskað eftir sjúkrahil. |
| 16. maí 94 | 0820 | Flókadalur | Óskað eftir sjúkrahil og lækni. |
| 17. maí 94 | 0845 | Borgarnes | Óskað eftir lækni. |
| 22. maí 94 | 0515 | Svignaskarð | Óskað eftir sjúkrahil og lækni. |
| 22. maí 94 | 1725 | Borgarnes | Óskað eftir lækni. |
| 2. júní 94 | 1330 | Borgarnes | Fyrirspurn frá lögreglu í Borgarnesi. |
| 3. júní 94 | 2040 | Akranes | Óskað eftir lögreglu og sjúkrahil. |
| 4. júní 94 | 2127 | Borgarfj. | Óskað eftir sjúkrahil og lækni. |



| | | |
|--------------|----------------------|---|
| 10. júní 94 | Borgarnes | Læknir tilkynnir um vakt yfir helgi. |
| 12. júní 94 | 1212Borgarnes | Óskað eftir lækni. |
| 15. júní 94 | 1750Ferstilka | Óskað eftir sambandi við lögreglu. |
| 28. júní 94 | 2035Bifröst | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 10. júlí 94 | 1734Borgarnes | Bílvelta, lögregla, læknir og sjúkrabíll. |
| 12. júlí 94 | 1010Norðurárdalur | Eldur að Háreksstöðum, kallað í slökkviliði Borgarnesi og á Varmalandi, einnig lögreglu Borgarnesi. |
| 12. júlí 94 | 1315Borgarnes | Bílslys, boðum komið til læknis og lögreglu. |
| 15. júlí 94 | 0112Stafholtungur | Óskað eftir að boðum sé komið til læknis um slys. |
| 30. júlí 94 | 2155Borgarnes | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 31. júlí 94 | 0055Bjarkarlundur. | Óskað eftir lækni og þyrlu að Reykhólum, vegna slyss sem hafði orðið í Bjarkarlundi. |
| 1. ágúst 94 | 2028Borgarnes | Óskað eftir lækni og sjúkrabíl að húsi í Borgarnesi, vegna hjartaáfalls. |
| 10. ágúst 94 | 1025Hvítársíða | Óskað eftir sambandi við lækni vegna barns sem hafði etið þvottaefni. |
| 13. ágúst 94 | 0900Borgarnes | Óskað eftir sambandi við lækni. |
| 13. ágúst 94 | 1815Kolbeinstaðahr. | Óskað eftir sambandi við lækni, vegna slyss. |
| 17. ágúst 94 | 1715Húsafell. | Óskað eftir lækni vegna konu sem dottið hafði af hestbaki. |
| 18. ágúst 94 | 1702Golfskálinn. | Vandræði með rafmagn í skálanum, boðum komið viðgerðarmanns. |
| 19. ágúst 94 | 1930Kolbeinsstaðahr. | Bílvelta við bæinn Mýrdal, lögreglan látin vita. |



| | | |
|--------------|-------------------|--|
| 19. ágúst 94 | 2322Borgarnes. | Óskað eftir lækni vegna sykursýkissjúklings í "kasti". |
| 22. ágúst 94 | 2033Borgarnes | Óskað eftir lænis vegna barns sem hafði dottið og meiðst á höfði. |
| 22. ágúst 94 | 2207Borgarhreppur | Eldur í bílskúr við Litlubrekku, lögregla og slökkvilið látin vita. |
| 22. ágúst 94 | 2217Golfskálinn | Sáu flugvél lenda á flugvelli, þegar hún var lent bar hæð á milli, þegar vélin hvarf gaus upp mikill reykur, og héldu sjónarvottar að eitthvað kynni að vera að hjá vélinni. Lögreglan látin vita. |
| 28. ágúst 94 | 1520Mýrar | Óskað eftir sambandi við lækni vegna barns sem meiðst hafði í andliti. |
| 28. ágúst 94 | 1730Borgarnes | Fjöldi fólks tilkynnir um flugslys við Borgarnes, allir látnir vita sem til hjálpar gætu orðið. |
| 13. sept 94 | 1800Norðurárdalur | Bílvelta við Fornahvamm, óskað eftir lögreglu, lækni og sjúkrabíl. Boðum komið til allra. |
| 1. okt 94 | 1405Borgarnes | Tilkynnt um eld að bænum Einarsnesi, skammt frá Golfskálanum, þegar tilkynnt var um eldinn kom í ljós að um æfingu var að ræða. |
| 18. okt | 0615Búðardalur | Brunavarnakerfi í Mjólkursamlaginu, slökkviliðsstjóri í Búðardal látinn vita. |
| 31. okt | 2305Bifröst | Óskað eftir sambandi við lögreglu vegna útkallsgabbs á slökkvilið. |
| 1. nóv | 1014Búðardalur | Símboði slökkviliðsstjóra fór í gang, kannar málið. |
| 11. nóv | 1740Reykholt | Spurt um síma björgunarsveitar, en hún hafði verið kölluð út vegna slyss. |
| 14. nóv | 2316Búðardalur | Tilkynnt um bílslys í Gilsfirði. |



| | | |
|---------|----------------|---|
| 22. nóv | 0309Búðardalur | Viðvörðunarkerfi í Mjólkursamlagi fer enn í gang, slökkviliðsst. látinn vita. |
| 9. des | 2057Hvanneyri | Óskað eftir sambandi við hitaveitu vegna bilunnar, boðum komið til skila. |

Árið 1994 voru samtals 51 aðstoðarbeiðnir í neyðarsíman 0112, og skiptast þær þannig:

Óskað eftir lækniástoð 26 sinnum
Óskað eftir lögreglu
Útköll vegna slökkviliðs 7 "

16 "
8 "
4 "
7 "

Samtals

70 útköll á alla björgunaraðila,
Ath, oft þarf að kalla fleiri en einn aðila í hvert skipti svo sem lögreglu, lækni og sjúkrahól.